



Forvarnir – Til að koma í veg fyrir að fólk sprauti sig með bóluefni af slysi

Mikilvægt er að starfsfólk sem bólusetur fisk fylgi þeim forvörnum sem mælt er með til að draga úr hættu á að viðkomandi sprauti sjálfan sig fyrir slysi.



GEFIÐ GÓÐA ÞJÁLFUN

Góð þjálfun í bólusetningartækni og viðbrögðum ef starfsfólk lendir í að sprauta sjálfan sig fyrir slysi.

NOTKUN ÖRYGGISBOGA

Rétt uppsetning og notkun öryggisboga/stunguvarnar á nál. Öryggisbogi skal settur á til að vernda fingur og hönd gegn nálaroddinum.

HANSKAR/ VARNARBÚNAÐUR

Notkun viðeigandi hanska/ varnarbúnaðar til að hindra að nál stingist í hönd/fingur og til að tryggja gott grip á fiskinum.

TAKIÐ REGLULEGA HLÉ

Taka reglulega hlé, hafa þægilega vinnustöðu og gott ljós. Passið að hraði við bólusetningu bitni ekki á gæðum og öryggi.

DEYFING FISKS

Mikilvægt er fyrir öryggi og velferð fiska að fiskurinn sé vel deyfður. Oftast lendir fólk í að stinga/sprauta sjálft sig – þegar verið er að bólusetja spriklandi fiska.

TILKYNNNA LÆKNI FYRIRFRAM

Tilkynna skal trúnaðarlækni fyrirfram hvenær bólusetning hefst og láta fylgja með skjalið „Til læknis“.

